

Ed.

431. Frumvarp til laga

um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 173 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Félög þau, sem stofnuð eru samkv. lögum þessum, skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni helming þess fjár að minnsta kosti, sem þau ábyrgjast.

Hæsta fjárhæð, sem félögunum sjálfum er heimilt að taka ábyrgð á í einu skipi, má þó eigi fara fram úr 40000 krónum, en það, sem fram yfir þetta er, eftir að skipt er til helminga, ábyrgist Samábyrgðin einnig, og getur hún ekki undan því skorazt.

Félögin greiða Samábyrgðinni jafnhá iðgjöld af þessum fjárhæðum og þau taka sjálf.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, skulu ákveðin í samningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

11. gr. hljóðar svo:

Áður en skip er váttryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, en þeir skulu skipaðir af stjórn hlutaðeigandi félags.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en skipið er tekið í tryggingu.

Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til gerð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er stjórninni heimilt að láta skoðun og mat fara fram hvenær sem henni þykir ástæða til. Öll áhöld, sem á skipi eru, skulu talin með í virðingarupphæð skipsins. Undantekið er þó: hækur, sjókort, sjóúr. Einnig olíur, farfi og brennskuforði.

Nú er eigandi óánægður með skoðun og mat á skipi. Skal hann þá kæra mál sitt fyrir stjórn félagsins, en hún sker úr um skoðunina og matið.

Þegar skip er tryggt í fyrsta sinn í einhverju félagi, skal auk iðgjaldsins greiða félaginu stofngjald 1% af virðingarverði skipsins. Ef virðingarverð skipsins hækkar, skal greiða viðbótarstofngjald af hækkuninni.

Váttryggja skal $\frac{1}{10}$ hluta virðingarverðs hvers skips. Þann $\frac{1}{10}$ hluta, sem þá verður eftir, má hvergi váttryggja.

Stjórn félagsins gefur út váttryggingarskírteini fyrir hvert skip um sig til eins árs í senn.

Nú þykir Samábyrgðinni einhver skoðunar- og matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna. Hún getur og hvenær sem henni þykir ástæða til krafizt skoðunar og endurmats á skipunum.

29. gr. hljóðar svo:

Skipstjórar á hinum váttryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, er þau ganga. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingarfæri o. fl.

Félögin og Samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra, sem þrisvar, vegna ógætni eða vanrækslu, hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggt eru samkvæmt lögum þessum. Ef eigandi skips hlítir ekki fyrir mælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón, er sá skipstjóri verður fyrir.

Hvert það skip, sem hefur mótur í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og skal það haft einhvers staðar fyrir utan vélarrúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarrúmi mega ekki vera nein þau tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegt er að hafa við rekstur og gæzlu mótorsins.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

1. Meðan núverandi ófriður helzt, mega félögin stríðstryggja skip þau, er þau hafa í sjóváttryggingu. Áhættan skal skiptast milli félaganna og Samábyrgðarinnar eftir sömu hlutföllum og áhættan við sjóváttryggingarnar. Að öðru leyti skulu tryggingar þessar fara eftir þeim reglum, sem Samábyrgðin setur.
2. Bátaábyrgðarfélag það, er nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1944. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna.